

Nr. 142 / 09 Krístrún II RE 477***Fær á sig sjó og skipverji slasast***

Skipaskr.nr. 0256
Smíðaður: Noregi 1964, stál
Stærð: 199,8 brl. 273,7 bt.
Mesta lengd: 36,52 m Skráð lengd: 33,55 m
Breidd: 6,71 m Dýpt: 5,65 m
Vél: Caterpillar 634 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 14



Krístrún II © Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. desember 2009 var Krístrún II RE 477 á línuveiðum í Víkurál um 25 sml vestur af Blakk. Veður: NA 15 – 18 m/sek

Þegar verið var að draga línuna reis upp brotsjór sem reið yfir skipið. Í dráttaropinunni stóð skipverji og varð hann fyrir sjónum. Við höggið kastaðist hann aftur í aftari lúgukarm dráttaropsins og lenti höfuð hans utan í karminum. Hann féll í þilfarið og missti meðvitund en rankaði við sér þegar félagar hans voru að koma honum inn í íbúðir. Eftir samtal við lækni var línun skorin frá og haldið til Patreksfjarðar með slasaða.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagðist hafa séð brotið koma og þrátt fyrir viðvaranir með köllum og skipsflautunni heyrði slasaði þær ekki;
- að slasaði sagðist ekki hafa heyrt viðvörðunina þar sem hann hafi verið með húfu og hettu reimaða að andlitinu og þá hafi verið sjávar- og vindgnauf. Hann hafi ekki séð sjóinn koma aftur með síðunni af því hann hafi verið að fylgjast með línunni sem stóð þvert út frá skipinu niður í sjóinn;
- að við þessi störf eru aldrei notaðir hjálmar að sögn slasaða. Annað slys varð um borð í skipinu (mál 109/09) í ágústmánuði en þá fékk skipverji í sama starfi dreka í höfuðið.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að brotsjór lenti á skipinu og slasaði var ekki varinn fyrir höfuðhöggum.

Sérstök ábending til skipstjórnarmanna:

Í ljósi þessa slyss og annarra slysa sem hafa orðið við línu- og netaveiðilúgur er það mat nefndarinnar að þörf sé á að viðhöfð sé hjálmaskylda við þau störf. Þá ættu rúllumenn að hafa fjarskiptabúnað í hjálmunum þannig að boðum um hættur berist þeim örugglega.